

Frá orðalykli til orðabókar

Bergljót S. Kristjánsdóttir

Eiríkur Rögnvaldsson

Guðrún Ingólfssdóttir

Örnólfur Thorsson

Verkið sem hér verður kynnt ber vinnuheitið *Lykilbók Íslendinga sagna*. Upphaf þess má rekja til árunna 1985-8 en þá starfaði hópur íslenskufraeðinga saman að útgáfu *Íslendinga sagna* og *Sturlungu* hjá Bókaforlaginu Svart á hvítu. Vorið 1989 fengu Eiríkur Rögnvaldsson og Örnólfur Thorsson styrk frá Vísindasjóði til að gera orðstöðulykil Íslendinga sagna á grundvelli Íslendingasagnaútgáfu Svarts á hvítu. Sama vor fengu Jón Torfason, Bergljót Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Guðrún Ingólfssdóttir og Örnólfur Thorsson styrk til að vinna að *Lykilbók Íslendinga sagna* en í henni skyldi m.a. vera atriðaskrá, skrá heita og kenninga og orðabók. Orðstöðulykill Íslendinga sagna reyndist það viðamikið verk að með samþykki Vísindasjóðs voru styrkirnir sameinaðir til að ljúka vinnu við hann. Vorið 1990 sóttu síðan Bergljót Kristjánsdóttir, Guðrún Ingólfssdóttir og Örnólfur Thorsson um styrk úr Vísindasjóði til að gera forníslenska orðabók. Í því verki er Eiríkur Rögnvaldsson málfræðilegur ráðunautur. Við orðabókina hafa einkum starfað Guðrún Ingólfssdóttir, Margrét Guðmundsdóttir og Svanhildur Óskarsdóttir. Hér á eftir verður megináhersla lögð á að kynna orðstöðulykil Íslendinga sagna og forníslenska orðabók.

Orðstöðulykill Íslendinga sagna

Vinna við *Orðstöðulykil Íslendinga sagna* hófst á útmánuðum 1989. Hér er um að ræða alla þá texta sem prentaðir eru í útgáfu Svarts á hvítu (1985-6/1987), að frátöldum Íslendinga þáttum og vísum. Alls eru þetta 2079 blaðsíður, en lesmálsorð í textanum eru um 885 þúsund. Verkið er unnið þannig að öllum textunum er steipt saman í eina skrá (sem er tæplega 5 megabæti að stærð). Síðan er sérstakt forrit (Word Cruncher frá Electronic Text Corporation í Utah) látið skrifa í textaskrá (ASCII-skrá) öll dæmi um hverja orðmynd, með u.þ.b. 40 bókstafa umhverfi í hvora átt og tilvísun í sögu, kafla og blaðsíðu.

Síðan er textaskráin tekin inn í WordPerfect-ritvinnsluforritið og búin undir lemmun. Í því felst m.a. að flettiorðið er feitiletrað og dæmum um hverja orðmynd er raðað í stafrófsröð þess sem á eftir kemur.


Fram að þessu hefur vinnslan verið að mestu vélræn, en nú tekur við handavinnan: sjálf lemmunin. Í henni felst það að steipt er saman öllum beygingarmyndum sama orðs, og samhljóða orðmyndir sem tilheyra mismunandi flettiorðum (lexemum) eru greindar sundur, auk þess sem dæmin eru öll greind í orðflokka. Þetta er gífurlega mikil vinna, og ekki alltaf auðveld, því að oft leikur vafi á því hvernig greina skuli einstakar orðmyndir (hvar mörkin liggi milli lýsingarorða og atviksorða, hvenær greina beri stirðnuð föll nafnorða sem atviksorð o.s.frv.).

Síðan er skráin prentuð á geislaprentara, og við tekur prófarkalestur, sem er mjög tímafrekur, enda hefur verið reynt að vanda til hans svo sem kostur er. Sú greining sem unnin var við lemmunina og áður er lýst er öll endurskoðuð, og stuðst við tiltækar fornáls- og nútímamálsorðabækur.

Hér koma upp ótal vafaatriði sem leysa þarf úr. Hvernig á að fara með tvímyndir (t.d. *aðfangadagur/affangadagur*, *-igur/ -ugur*, *öx/öxi/exi*, o.s.frv.)? Hvernig á að fara að þegar aukafallsmynd getur tilheyrt tveim uppfléttimyndum (t.d. *afturgöngum*, en bæði er til *afturganga kv.* og *afturgangur kk.*)? Á að flokka lýsingarhætti undir sagnir, lýsingarorð eða hafa þá sér? Á að gefa upp (búa til) nefnifall eintölu af nafnorðum sem aðeins koma fyrir í fleirtölu eða aukafalli?

Þetta er aðeins brot af þeim vandamálum sem leysa þarf úr. Oft er ómögulegt að leysa þau svo að ótvírætt sé; en reynt hefur verið að koma upp skýrum vinnureglum þannig að væntanlegir notendur geti auðveldlega áttað sig á því við hvað er miðað.

Á næstu síðu er sýnd skipting orðaforða sagnanna í orðflokka. Samanburður við nútímamál (skv. tíðnikönnun Orðabókar Háskólans, sem birtist í *Orði og tungu* 1988) leiðir í ljós að hlutfallsleg skipting orðaforðans í nútímamál er mjög svipuð.



Forníslensk orðabók

Forníslenska orðabókin sem nú er unnið að og fyrst mun prentuð tekur einvörðungu til Íslendinga sagna. Ætlunin er þó sú að auka síðar við fleiri textum, enda á Stafaholt dágott safn af fornum ritum á tölvutæku formi (Sturlunga sögu, Heimskringlu, Íslendingabók, Landnámu og Málfræðiritgerðirnar). Í reynd vinnum við ekki aðeins að gerð orðabókar heldur einnig að gagnabanka yfir fornmálið. Forníslenska orðabókin er unnin í ritvinnsluforritinu *Orðsnilld* þar eð ekki hefur enn fengist gagnabanki við hæfi. Formið sem unnið er með líkist þó í flestu gagnabanka og gildir það jafnt um uppsetningu sem aðgerðir er framkvæma má. Úrvinnsla þeirra gagna sem fyrir liggja í orðstöðulyklinum verður að ýmsu leyti önnur en venja er við orðabókargerð þó grunnhugmyndin sé sú sama og t.d. í forn-málsorðabók Johans Fritzner.

Við fruminnslátt í gagnabanka er hvert orð greint í orðhluta, og forskkeyti, viðskeyti og beygingarendingar sýnd með sérstökum táknum (+ er settur milli viðskeytis og rótar, og - milli stofns og beygingarendingar; reyndar eru forskkeyti og viðskeyti síðan færð í sérstaka bása). Þá er orðið kyngreint og tíðni hvers falls skráð. Þetta er fremur fljótlegt verk enda eru öll orð kyngreind í orðstöðulyklinum auk þess sem þar eru tölur um tíðni hverrar orðmyndar. Settar eru upp formgerðir eins og í öðrum orðabókum. Það sem skilur hins vegar á milli þessarar orðabókar og annarra er að hér eru formgerðirnar fleiri og greining er miðuð við setningastöðu sem kemur sér vel fyrir málfræðinga og þá sem rannsaka stíl og bókmenntaeinkenni sagnanna. Merkingu er raðað eftir tíðni og orðasambönd og klasar eru skýrð í sérstökum básum aftan við grunnmerkingu. Ekki er enn ljóst hvort allar athugasemdir sem færðar eru inn í málfræðilegar, merkingarlegar og bókmenntalegar athugasemdir verða prentaðar í orðabókinni en þær verða a.m.k. hluti af gagnabankanum og þá um leið aðgengilegar fræðimönnum og öðrum þeim sem á þurfa að halda.

Eins og vikið var að hér á undan auðveldar orðstöðulykillinn til muna orðabókarstarfið, jafnt merkingarskýringar sem greiningu í formgerðir og þó ekki síst flokkun á formúlukenndu orðalagi. Hægðarleikur er t.d. að láta tölvuna finna á örskotsstund öll orð með tilteknum stofni eða samsett orð sem hafa sameiginlegan orðhluta og skoða því næst og greina merkingu þeirra í samhengi. Í krafti tölvunnar er og auðvelt að velja saman orðskýringar af ákveðnu merkingarsviði (lög, grös, dýr, þjóðhættir o.s.frv.) og senda þær sérfræðingum til yfirlestrar.

Við upphaf verksins var ákveðið að greina hvern orðflokk fyrir sig og byrja á nafnorðum. Talið var að með þeim hætti yrði skýringarvinnan auðveldari og meira samræmis gætti. Hér á eftir fara tvö dæmi sem skýra vinnuferlið frá orðstöðulykli um gagnabanka til ritstýrðrar orðabókar. Rétt er að geta þess að enn hefur ekki verið ákveðið í smáatriðum hvernig gengið verður endanlega frá orðabókinni.

Orðstöðulykill:

dauði kk; dauða (43); dauðans (1); dauði (7); dauðinn (2)			
Fjóam	13;737	nokkuð orðið hafa kynlega um hennar	dauða
ÞorSH	5;2069	og sona minna og er það gott að taka	dauða
Njála	109;255	þeir mig þá vil eg miklu heidur þola	dauða
Þórð	10;2037	lífi. Þórður sagði sér eigi nær	dauða.
Heið	43;1396	hafði drengilega nýtt sinna vopna til	dauða.
Njála	67;203	fundinum. En ef honum vill þetta til	dauða
Grett	35;1011	einum að vera. Og það mun þér til	dauða
Halió	9;1242	veg er að kominn áður hann sé til	dauða
Njála	92;237	og er það líkara að hér leiði af	dauða
ÞorSH	5;2070	yfir ána því að eg ætla honum annan	dauða
LjósaC	29;1710	"Hjálpum mönnum þessum er að	dauða
Kjaln	5;1442	gert þá mundi eg þér hann aldrei til	dauða
Eirík	6;527	eg að svo búnu. Hér er líðið allt hið	dauða
Halió	7;1235	Kálfur. "Dæmt hefir hann þig nú til	dauða."
Grett	62;1053	á Arnarvatnsheiði um veturinn eftir	dauða
Finnb	14;640	gert þá er þér þetta skjótast til	dauða."
GíslaL	27;952	mun eg Gísla bróður minn en fagna eg	dauða
Vatn	5;1848	Jarl svarar: "Þú munt segja	dauða
Svarf	28;1824	heidur mun eg kvelja hana til	dauða."
Laxd	7;1542	Hún nan eigi yndi á Íslandi eftir	dauða
Hávís	12;1320	oss sagt í fyrra dag að þú varir að	dauða
HaliM	6;1206	til hans. Hann kom mér enn fyrri til	dauða."
Laxd	2;1537	af eignum vorum eða þiggja af þeim	dauða
Krók	2;1514	vildi eg að þú seldir land þitt eftir	dauða
Harð	17;1272	á morgun." "Ekki hræðist eg	dauða
Njála	38;169	Hallgerði vel þykja. Þú munt segja	dauða
Njála	128;278	inni með honum því að eg hræðist ekki	dauða
Finnb	41;670	við þenna mann er þér dragi þetta til	dauða.
Hávís	12;1320	Hávarður svarar: "Annars	dauða
Laxd	65;1635	"því að eg hefi dregið yður undan	dauða."
Kjaln	5;1442	og skulum vér fá honum herfilegan	dauða
Njála	64;200	það vitað hafa er hann vissi	dauða
Kjaln	5;1443	hann og varð hann drengilega við	dauða
Bárð	20;73	fyrir. Þóttist Gestur þá sjá vísan	dauða
Vatn	47;1905	guð og bjóst mjög kristilega við	dauða
Heið	31;1386	við, þykir sér mikill skaði ger í	dauða
Vatn	5;1848	son minn og væri sjá maður heidur	dauða
Kjaln	5;1442	fóstri minn þess til gert að hann sé	dauða
Fóstb	23;830	taka Þomóð og launa honum með ljótum	dauða
Þorhv	4;2055	og kvað hann hafa fengið herfilegan	dauða
HaliM	6;1204	þig það skipta? Dæmur ertu nú til	dauða."
Bárð	5;52	hann aftur til Arnarstapa og segir	dauða
Eyrb	34;579	hann síðan heim. Eftir	dauða
BandM	6;10	að dama þann frjálstan er mælegur er	dauðans
Bárð	8;55	til skjóls. Þótti honum sér þá vísari	dauði
Hrafn	11;1409	"Mörgum mundi betri þykja skjótur	dauði
Njála	111;257	eftir kona?" segir Skarphéðinn.	Dauði
Krók	15;1531	geranda. Þó þú drepir mig þá er það	dauði
ÞorSH	3;2065	að vaxa. Þá mælti Heilgi: "Illur	dauði
Fóstb	23;828	En fyrir því að Þomóði varð eigi	dauði
Kjaln	6;1443	Ekki má varðveita þig þannig ef þér er	dauði
Grett	35;1009	og það hann forða sér "því að vis er	dauðinn
Njála	17;145	við. Glúmur mátti ekki halda því að	dauðinn
			"stukku og allir menn á brottu því að
			af slíkum manni sem þú ert hjá því sem
			af þeim en eg geri þeim nokkuð mein. En
			Allir hlupu þeir af baki. Bauð Eíður
			Auður var gift öðrum ríkum
			draga þá mun hann rjúfa sættina. Er þar
			draga." Og sem þrállinn hafði
			dæmur fullkomlega?" Þórar
			eins sonar míns ef eigi verður meira að
			en drukkna." Þorsteinn fór heim.
			eru komnir og er skip þeirra fullt."
			fram selja. En nú hefir Búi ekki hér
			fyrir dyrunum og þar í sveit kenni eg
			Hallfreður mælti: "Ef nokkurir
			Hallmundar. Eftir það kom Þorkell
			Hann reri á brott. Þá mælti
			hans." Og um kveldið var sett
			Jökuls sonar míns." Hún kvað það
			Karl kaupir nú ambáttina og
			Kolla. Lýair hún því fyrir Höskuldi
			kominn." Hávarður svarar: "Annars
			Konungur mælti: "Eigi er ykkur
			með öllu." Að þessu var ger góður
			minn og færir vestur á Barðastrand til
			minn og mun eg kveða yður kvaði ef þér
			minn. En það er til bóta að þú munt
			minn." Hann mælti þá við
			Mun þá eigi þykja ekki vort erindi er
			muntu fyrir spyrja. Kann eg að segja þér
			segir hann. Skiptust þeir síðan
			sem mælegt er." Esja mælti:
			sinn fyrir." Hún mælti: "Eg mun
			sinn. Eftir það ríða þeir á braut.
			sinn. Upp stóðu og allir þeir sem í
			sínum. Og genum vér þar enda á
			sonar síns. Hann var mestur fyrir sér
			verður en vengjafa." Drottning
			verður?" Þorgrímur segir: "Það
			þann mikla skaða er hann hefir oss gert
			þann vetur. Einar það
			þá mælti Hallfreður: "Er sá
			þeirra bræðra og gekk síðan heim á leið
			Þórólfs bagífts þótti mörgum mönnum
			en hafa áður svarið eiga að þér
			en líf. Það bar til um daginn
			en slíkar hrakningar. En mér mun fara
			minn," segir Njáll, "og konu minnar og
			þinn. En svo lengi sem þú ert hér í
			þykir mér að brenna inni sem meirakkur
			ætlaður þá slitnaði bróklindi Falgeirs
			ætlaður." Búi kvað hana ráða
			er þú biður Gláms." Grettir
			fór á hann. Þjóstólfur huldí hrá hans

Gagnabanki:

Orð	dauð-i	Kyn	kk	Fsk	Vsk	
Nf.et.	dauði	7	2	Pf.et.	dauða	20
Pgf.et.	dauða	9		Ef.et.	dauða	131
Nf.ft.				Pf.ft.		
Pgf.ft.				Ef.ft.		

a Frl.so. !dauði fer á e-n

b Frl.sf.

c Andlag taka/þiggja/þola dauða af e-m

d So.+fs. búast við dauða sínum; draga e-n undan dauða; +e-ð dregur e-m til dauða; !koma e-m til dauða

e Með fs. !e-m er skaði í dauða e-s

f Með ek. +herfilegur/illur/ljótur/skjótur

g Sem ek.

h Sem sf. vera kominn að dauða

i Forset.

j Ópersl.

k Formúl.

l Orðasb.

m Klasi !e-r segir sér eigi nær dauða

n Merk.fl dauðinn

o Samsetn

p Andh. líf

q

Merking 1 endalok ævi %andlát, bani, ævilok

Merking 2 a e-r er í andarslitrunum

Merking 3 d undirbúa dauða sinn; bjarga e-m frá dauða; e-ð veldur dauða e-s; gera e-n að dauðamanni

Merking 4

Merking 5

Málfræðil. aths. "e-ð dregur e-m til dauða" og "e-r segir sér eigi nær dauða" - í nútímamáli yrði notað þf. í stað þgf. "e-ð dregur e-n til dauða" og "e-r segir sig eigi nær dauða"

Merkingarl. aths.

Bókmenntal. aths.

Aðrar athugas.

Forníslensk orðabók:

dauði kk (Nf.et. dauði 7 2, Pf.et. dauða 20 0, Þgf.et. dauða 9 0, Ef.et. dauða 13 1) Andh. líf

endalok ævi, andlát, bani, ævilok: þá vil eg miklu heldur þola dauða af þeim en eg geri þeim nokkuð mein *Njála 109;255*; Þú munt segja dauða Jökuls sonar míns *Vatn 5;1848*; því að eg ætla honum annan dauða en drukkna *ÞorSH 5;2070*; dauði fer á e-n: *e-r er í andarslitrunum, e-r er að gefa upp öndina*; búast við dauða sínum: *undirbúa dauða sinn*; draga e-n undan dauða: *bjarga e-m frá dauða*; e-ð dregur e-m til dauða: *e-ð veldur dauða e-s*; koma e-m til dauða: *gera e-n að dauðamanni*.

Með ek. herfilegur/illur/ljótur/skjótur

e-ð dregur e-m til dauða og e-r segir sér eigi nær dauða - *í nútíamáli yrði notað þf. í stað þgf.* e-ð dregur e-n til dauða og e-r segir sig eigi nær dauða.

Hér á eftir fer annað dæmi og flóknara sem sýnir það svigrúm sem formið býður til að koma að sem mestum upplýsingum. Tvö hundruð og sextán dæmi eru um orðið sæmd í orðstöðulyklinum. Er þau voru skoðuð í samhengi kom fljótlega í ljós að orðið virðist í mörgum tilvikum vísa til áþreifanlegri fyrirbæra en menn hafa almennt talið. Þannig virðist það í sumum tilvikum nánast tákna tiltekna þjóðfélagsstöðu sem vitnar um auð, völd, mannaforráð og annað þvíumlíkt. Áður en gengið er frá slíkri skýringu er hins vegar nauðsynlegt að skoða orðið með hliðsjón af orðum af sama merkingarsviði. Þetta sýnir okkur ljóslega hvers virði yfirsýnin er sem orðstöðulykillinn veitir, og um leið hve mikilvægt er að merkingarflokka allan orðaforðan áður en lengra er haldið.

Gagnabanki:

Orð	sæmd	Kyn	kv	Fsk	Vsk
Nf.et.	sæmd		40	Þf.et.	sæmd 72 2
Pgf.et.	sæmd		39 1	Ef.et.	sæmdar 31
Nf.ft.	sæmdir		1	Þf.ft.	sæmdir 14
Pgf.ft.	sæmdum		12 1	Ef.ft.	sæmda 2

a Frl.so. +sæmd liggur við

b Frl.sf.

c Andlag aflu e-m sæmdar; auka sæmd; +bjóða sæmd (fyrir), bjóða e-m sæmd; eiga sæmd undir; fá e-m sæmd; +fá sæmd (af/i), +hafa sæmd (af/fyrir); gera sæmd, gera e-m sæmd (fyrir), gera/leggja sæmd til e-s; gæta sæmdar; halda sæmd; heita e-m sæmd; láta sæmd sína; leggja sæmd til e-s, leggja e-m sæmd; leita sæmdar, leita e-m sæmdar (í); styðja sæmd e-s; sækja sæmd til e-s, taka sæmd (af/með e-m); !týna sæmd; +unna (e-m) sæmdar; +veita (e-m) sæmd, !veita sæmd e-s áhald; vinna e-m sæmd; vænta sér sæmdar; þiggja sæmd (af e-m)

d So.+fs. búa með sæmd; +sitja í/með/yfir sæmd; taka við sæmd

e Með fs. í/+með/+til/við

f Með ek. fullur / +góður / lífill / stór / skjótur / stórlegur?, +allur / +annar/ hans / hver / margur / +mikill / +minn / +nokkur / sá / +sinn / slíkur / vor / þinn / þvílíkur / öngur (+engi)

g Sem ek.

h Sem sf. +verða sæmd að/i; þykja sæmd (að/i)

i Forset.

j Ópersl.

k Formúl. +sæmd og virðing

l Orðasb.

m Klasi brjótast í móti sæmd sinni; bæta sæmd fyrir svívirðing; fá skjóta sæmd en langa svívirðing; draga sæmd úr hendi; draga ekki undan e-m til sæmdar; drepa hendi við sæmd (e-s); !hafa sæmd í veði til móts við illgirni; leggja sæmd sína í virðing við e-ð; leggja stund á sæmd

n Merk.fl þjóðfélagsstaða, lagamál, fjármunir/gersemar, gjafir

o Samsetnbætur eða sæmd; fé (mikið) og sæmd; stórlega frægð og sæmd; höfðinglegar gjafir og sæmd; sátt og sæmdir; velgerning og sæmd; sæmd og eftirganga / góð heill / gæfa / heillir / hógseta / náðir / mannvirðing / metorð / sjálfðæmi / stórar fégjafir / vinátta / +virðing

p Andh.

q

Merking 1	heiður, sómi, virðing
Merking 2	laun
Merking 3	bætur
Merking 4	fégjafir; virðulegar gjafir
Merking 5	auður, gnótt fjár

Málfræðil. aths. "sitja yfir sæmdum" (ft) algengara orðalag en að "sitja yfir sæmd" (et) sem er eindæmi, reyndar m.gr. úr LjósC 12:1672. Hvers vegna sitja menn svona oft "í sæmd sinni" (eða "þinni" ef verið er að tala við þá)? Er einfaldlega of snubbótt að segja í sæmd eða er verið að leggja áherslu á að menn hafi aflað sér sæmdar sjálfir? – Aðeins einu sinni kemur sæmd fyrir í þriliða upptalningu og eftirtektarvert er að liðirnir eru allir tengdir, þ.e. "sætt og sæmd og sjálfðæmi" (Vopnf 14:2001). Merkilegt dæmi í Heið 43:1396 "vera í sæmd frá e-m" – þarna hefði mátti vænta fs. hjá/með

Merkingarl. aths. Stundum virðst greint á milli mismunandi sæmdar, sbr. "taka sæmdir með konungi" (HallM 6:1207) og "fá sæmdir með hernaði" (Grett 3:955). Mat á sæmd í sögunum einnig merkilegt sbr. "fullar sæmdir" og LjósC 12:1672: "En Þorkell sat yfir sæmdinni allri." Sömuleiðis "... að eigi sé ráð hans með allri sæmd, að hann er maður goðorðslaus" (BandM 2:3). Spurning er hvort orðið sæmd táknað ekki í einhverjum tilvikum beinlínis þjóðfélagsstöðu (auður, völd, gott kvonfang o.s.frv.)

Bókmenntal. aths. Klassískra stílbragða gætir mjög í tengslum við orðið "sæmd". Myndhverfð orðatiltæki eins og "drepa hendi við sæmd" (sem kemur bara fyrir í Fljót 4:677 og 9:686), "brjótast í móti sæmd sinni" (Grett 24:992) og "draga sæmd úr hendi e-m" (LjósC 27:1708) vitna um það en ekki síður andstæður og hliðstæður, jafnt í setningagerð sem merkingu, sbr. "hafa nokkura sæmd eða enga" (BandM 9:18); "hafa fé og sæmd eða missa fjár og taka við óvirðing" (BandM 8:16); ". . . kvaðst heldur vilja gefa honum konuna með sæmd en hann fíflði hana með vanvirðu" (Vatn 37:1889); "kvað betra vera að fá skjóta sæmd en langa svívirðing" (Laxd 21:1565); ". . . vil eg að þú bætir Gretti sæmd fyrir þessa svívirðing" (Grett 21:988); "Nú vil eg fyrr búi mínu bregða en sæmd minni týna . . ." (Eirík 3:522). Eftirtektarvert er hversu menn hafa sjaldan orð á því að þeir vilji deyja/láta lífið með sæmd. Dæmin samtals 5 meðan dæmi um sæmd eru 216.

Aðrar athugas.

Lemmaður orðstöðulykill veitir óvenjulega yfirsýn yfir orðaforðann. Þeir sem vinna að gerð orðabókar á grundvelli orðstöðulykils geta í sjónhending komið auga á atriði sem fyrr hefði kostað drjúga vinnu að grafa upp. Hér á eftir fara dæmi um orðin *draumamaður* og *draummaður*. Orðstöðulykillinn (þar sem öll dæmi um sama orð birtast í samfelldri röð) vakti athygli eins orðabókarmanna á að í Íslendinga sögum hafa þessi orð *alltaf* ólíka merkingu en helstu orðabækur fornmálsins eru svo ósamhljóða í skýringum sínum, að hefði orðstöðulykilsins ekki notið við hefði þurft að kanna handrit viðeigandi sagna sérstaklega. Til samanburðar eru dæmi úr öðrum orðabókum sem sýna þá ekki aðeins mismunandi greiningu á orðunum tveimur heldur einnig hver munurinn er á fyrri orðabókum og þeirri sem hér um ræðir. Vert er að nefna að orðabækurnar sem vitnað er til taka allar til fleiri verka en Íslendinga sagna, sumar þeirra miðast einnig við forna norska texta, aðrar við íslenskt mál á seinni öldum.

Forníslensk orðabók:

drauma-maður kk (Nf.et. draumamaður 4 1)

sá sem ráðið getur drauma, draumspakur maður; sá sem dreymir fyrir daglátum, sem dreymir fyrir óorðnum (nálægum atburðum)

Með ek. mikill

Í Íslendinga sögum gera menn skýran greinarmun á draummönnum og draumamönnum. - Orðið kemur fyrir í Gísla sögu, Fljótsdæla sögu og Þorsteins sögu Síðu-Hallssonar. Sbr. *draumur*.

draum-maður kk (Nf.et. draummaður 1 1)

sá sem birtist e-m í draumi

Draummenn sýndu mönnum iðulega inn í framtíðina og sögðu fyrir um órorðna atburði. Í mörgum fornsögum (t.d. Sturlunga sögu) beita sagnaritarar gjarnan því stílbragði að gera draummenn að málpípum sínum.- Orðið kemur fyrir í Flóamanna sögu og Fóstbræðra sögu. Sbr. *draumur*

draum-kona kv (Nf.et. draumkona 1 11, Þf.ft. draumkonur 2 0)

sú sem birtist e-m í draumi

Draumkonur sýndu mönnum iðulega inn í framtíðina og sögðu fyrir um óorðna atburði. Í fornsögum (t.d. Sturlunga sögu) beita sagnaritar því stílbragði gjarnan að gera draumkonur að málpípum sínum. - Orðið kemur aðeins fyrir í Gísla sögu. - Sbr. *draumur*.

draumur [draumamaður, draumavetur, draumaráðning, draumkona, draummaður, draumskrök, draumvetur]

Johan Fritzner. *Ordbog over det gamle norske sprog*

draumamaður, m. person som drømmer meget. *Gísl.* 417; *Anal.* 180¹⁰ (*Pr.* 544).

draumkona, f. kvindelig person som aabenbarer sig for en i Drømme. *Gísl.* 41^{12,20}; *Sturl.* II, 221^{19,22,33}; *Anal.* 184 fg. (= *Draum.* 130 fg.). En saadan *draumkona* synes at være den drømmendes *fylgja*, *norn* eller *dís*, se under dette Ord.

draummaður, m. 1) person som viser sig for en i Drømme. *Flat.* I, 440⁸; *Fm.* VIII, 107. 2) = *draumamaður*. *Stj.* 193²⁴.

Richard Cleasby and Gudbrandur Vigfússon. *An Icelandic-English Dictionary*

draum-kona, u, f. a 'dream-woman', a spirit in a dream, *Gísl.* 41, *Þorst.* Síðu H. 185.

draum-maðr, m. a man who appears to another in a dream, *Fms.* ii. 230, viii. 107: a dreamer, *Stj.* 193. Gen. xxxvii. 19.

draumr, m. ... **drauma-maðr**, m. a great dreamer, *Gísl.* 41.

Sigfús Blöndal. *Íslensk-dönsk orðabók*

drauma... -maður ... m. Drömmur.

draum... -kona ... f. en Kvinde, som plejer at vise sig for en i Drømme og forudsige n-t. ... -maður ... m. 1. i den isl. Folketro en Mand som ofte viser sig for en i Drømme og meddeler ham skjulte el. ikke skete Ting. - 2. (*draumamaður*) en som har mange Drømme.

Walter Baetke. *Wörterbuch zur altnordischen Prosaliteratur*

draum-: draum-kona f. Frau, die jmd. im Traum erscheint ... -maðr m. in Traum erscheinender Mensch, Traumerscheinung ...

draumr m. ... drauma-maðr m. Mann mit Träumen, die die Zukunft offenbaren

Árni Böðvarsson (ritstj.). *Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*

drauma- ... -maður K 1 draumóramaður; sá sem dreymir oft (merka drauma). 2 draummaður 1.

draum- ... -kona KV Þ kona sem segir e-m dulda eða óorðna hluti í draumi. ... -maður K 1 Þ maður sem segir e-m dulda eða óorðna hluti í draumi. 2 draumamaður 2.

Á síðunni hér hægra megin er tafla sem sýnir algengustu orðmyndir *Íslendinga sagna* annars vegar og *Sturlunga sögu* ásamt *Árna sögu biskups* og *Hrafns sögu Sveinbjarnarsonar hinni sérstöku* hins vegar. Í næstaftasta dálknum er sýnt hlutfall hverrar orðmyndar af heildarorðafjöldanum; og í þeim aftasta sést samanlagt hlutfall viðkomandi orðs og þeirra sem eru ofar á skránni af heildarfjöldanum.

Íslendinga sögur

(884.765)

Sturlunga saga o.fl.

(317.947)

Röð	Tíðni	OM	%	% samt.	Röð	Tíðni	OM	%	% samt.
1 (1)	49772	og	5,62	5,62	1 (1)	18962	og	5,96	5,96
2 (2)	31794	að	3,59	9,21	2 (2)	9828	að	3,09	9,05
3 (3)	22448	hann	2,53	11,76	3 (3)	8247	hann	2,59	11,65
4 (5)	19910	er	2,50	14,00	4 (5)	6388	í	2,00	13,66
5 (4)	14542	í	1,64	15,65	5 (4)	6081	er	1,91	15,57
6 (8)	14329	til	1,62	17,27	6 (7)	6025	þá	1,89	17,46
7 (6)	13375	þá	1,51	18,78	7 (9)	5847	var	1,84	19,30
8 (10)	13286	en	1,50	20,28	8 (6)	5581	til	1,75	21,06
9 (7)	12978	var	1,47	21,75	9 (10)	5344	þeir	1,68	22,74
10 (9)	12056	þeir	1,36	23,11	10 (8)	5228	en	1,64	24,38
11 (11)	11908	á	1,35	24,46	11 (11)	4982	á	1,56	25,95
12 (12)	10255	það	1,16	25,62	12 (12)	3053	það	0,96	26,91
13 (35)	9173	eg	1,03	26,65	13 (15)	3040	þar	0,96	27,87
14 (16)	8170	við	0,92	27,58	14 (17)	3006	um	0,94	28,81
15 (13)	7871	þar	0,89	28,47	15 (19)	2918	með	0,92	29,73
16 (34)	7626	nú	0,86	29,33	16 (14)	2556	við	0,80	30,53
17 (14)	7013	um	0,79	30,12	17 (21)	2203	honum	0,69	31,23
18 (21)	6924	eigi	0,78	30,90	18 (24)	2078	fyrir	0,65	31,88
19 (15)	6437	með	0,73	31,63	19 (26)	2032	af	0,64	32,52
20 (24)	6272	svo	0,71	32,34	20 (25)	2000	sem	0,63	33,15
21 (17)	5689	honum	0,64	32,98	21 (18)	1915	eigi	0,60	33,75
22 (25)	5572	því	0,63	33,61	22 (30)	1858	menn	0,58	34,35
23 (74)	5453	þú	0,62	34,23	23 (29)	1755	þeim	0,55	34,89
24 (18)	5155	fyrir	0,58	34,81	24 (20)	1708	svo	0,54	35,42
25 (20)	5087	sem	0,57	35,39	25 (22)	1663	því	0,52	35,95
26 (19)	4835	af	0,55	35,93	26 (35)	1655	voru	0,52	36,47
27 (55)	4341	mælti	0,49	36,42	27 (32)	1529	hans	0,48	36,95
28 (45)	4022	segir	0,45	36,88	28 (34)	1482	eftir	0,46	37,42
29 (23)	3961	þeim	0,45	37,32	29 (36)	1476	hafði	0,46	37,88
30 (22)	3704	menn	0,42	37,75	30 (53)	1182	fór	0,37	38,25
31 (86)	3660	þér	0,41	38,16	31 (--)	1162	biskup	0,36	38,62
32 (27)	3441	hans	0,39	38,55	32 (50)	1142	kom	0,36	38,98
33 (42)	3283	ekki	0,37	38,92	33 (49)	1100	þeirra	0,34	39,32
34 (28)	3267	eftir	0,37	39,23	34 (16)	1078	nú	0,34	39,66
35 (26)	3232	voru	0,36	39,65	35 (13)	1072	eg	0,33	39,40
36 (29)	3199	hafði	0,36	40,01	36 (41)	957	upp	0,30	40,30
37 (--)	3157	mun	0,36	40,37	37 (40)	792	sér	0,25	40,55
38 (83)	3131	hún	0,35	40,73	38 (57)	791	út	0,25	40,79
39 (--)	3113	mér	0,35	41,07	39 (33)	759	ekki	0,24	41,03
40 (37)	2995	sér	0,34	41,42	40 (42)	751	síðan	0,23	41,27
41 (36)	2938	upp	0,33	41,75	41 (45)	727	þetta	0,23	41,50
42 (40)	2861	síðan	0,32	42,07	42 (46)	725	ef	0,23	41,73
43 (51)	2731	vera	0,31	42,38	43 (61)	713	hét	0,22	41,95
44 (65)	2651	vel	0,29	42,68	44 (--)	712	reið	0,22	42,17

Íslendinga sögur

(884.765)

Orðabók Háskólans


(54.482)

Röð	Tíðni	Orð - ofl	%	% samt.	Röð	Tíðni	Orð - ofl	%	% samt.
1 (2)	49772	og st/ao	5,62	5,62	1 (3)	2525	vera so	4,63	4,63
2 (7)	49500	hann fn	5,59	11,22	2 (1)	2193	og st	4,03	8,66
3 (1)	39000	vera so	4,40	15,62	3 (4)	1877	að st	3,45	12,10
4 (3)	31794	að st/fs	3,59	19,22	4 (7)	1594	í ao	2,93	15,03
5 (6)	20500	það fn	2,31	21,53	5 (10)	1243	á ao	2,28	17,31
6 (9)	17500	eg fn	1,97	23,51	6 (5)	1114	það fn	2,04	19,36
7 (4)	14542	í fs	1,64	15,16	7 (2)	1002	hann fn	1,84	21,20
8 (13)	14329	til fs	1,61	26,77	8 (29)	944	sem st	1,73	22,93
9 (12)	13286	en st	1,50	28,28	9 (6)	799	ég fn	1,47	24,40
10 (5)	11908	á st	1,34	29,62	10 (11)	765	hafa so	1,40	25,80
11 (10)	11127	hafa so	1,25	30,88	11 (20)	710	um ao	1,30	17,10
12 (35)	11000	þú fn	1,24	32,12	12 (9)	660	en st	1,21	28,31
13 (40)	10000	þá ao	1,13	33,25	13 (8)	646	til ao	1,18	29,49
14 (29)	9881	maður kk	1,11	34,37	14 (21)	577	við ao	1,05	30,54
15 (30)	8633	segja so	0,97	35,35	15 (45)	534	ekki ao	0,98	31,52
16 (27)	7871	þar ao	0,88	36,24	16 (30)	479	þessi fn	0,87	32,39
17 (25)	7780	koma so	0,87	37,11	17 (41)	473	sá fn	0,86	33,25
18 (44)	7691	fara so	0,86	37,98	18 (26)	451	hún fn	0,82	34,07
19 (51)	7626	nú ao	0,86	38,85	19 (33)	403	af ao	0,73	34,80
20 (11)	7013	um fs	0,79	39,64	20 (23)	389	með ao	0,71	35,51
21 (14)	7000	við fs	0,79	40,43	21 (4)	373	að ao	0,68	36,19
22 (--)	6924	eigi ao	0,78	41,21	22 (42)	345	verða so	0,63	36,82
23 (20)	6437	með fs	0,72	41,94	23 (27)	323	fyrir ao	0,59	37,41
24 (36)	6272	svo ao	0,70	42,65	24 (43)	311	sig fn	0,57	37,98
25 (39)	6017	sinn fn	0,68	43,33	25 (17)	291	koma so	0,53	38,51
26 (18)	5844	hún fn	0,66	43,99	26 (--)	246	eða st	0,45	38,96
27 (23)	5155	fyrir fs	0,58	44,57	27 (16)	243	þar ao	0,44	39,40
28 (--)	5153	mæla so	0,58	45,15	28 (--)	240	barn hk	0,44	39,84
29 (8)	5987	sem st	0,67	45,83	29 (14)	230	maður kk	0,42	40,26
30 (16)	5000	þessi fn	0,56	46,96	30 (15)	227	segja so	0,41	40,67
31 (--)	4981	vilja so	0,56	46,96	31 (53)	226	annar fn	0,41	41,08
32 (--)	4910	er st	0,55	47,51	32 (35)	224	allur fn	0,41	41,49
33 (19)	4835	af fs	0,54	48,06	33 (--)	224	frá ao	0,41	41,90
34 (48)	4469	taka so	0,50	48,57	34 (54)	206	eiga so	0,37	42,27
35 (32)	4389	allur fn	0,49	49,06	35 (12)	204	þú fn	0,37	42,64
36 (--)	4347	munu so	0,49	49,55	36 (24)	192	svo ao	0,35	42,99
37 (--)	4298	ganga so	0,48	50,04	37 (--)	185	geta so	0,33	43,32
38 (43)	4082	mikill lo	0,46	50,50	38 (--)	183	þegar st	0,33	43,65
39 (--)	3907	kveða so	0,44	50,94	39 (25)	181	sinn fn	0,33	43,98
40 (42)	3906	gera so	0,44	51,38	40 (13)	179	þá ao	0,32	44,30
41 (17)	3900	sá fn	0,44	51,82	41 (46)	174	eftir ao	0,31	44,61
42 (22)	3894	verða so	0,44	52,26	42 (40)	169	gera so	0,31	44,92
43 (24)	3650	sig fn	0,41	52,68	43 (38)	159	mikill lo	0,29	45,21
44 (--)	3589	þykja so	0,40	53,08	44 (18)	155	fara so	0,28	45,49

Íslendinga sögur (884.765) Orðabók Háskólans (54.482)

Röð	Tíðni	Orð - ofl	%	% samt.	Röð	Tíðni	Orð - ofl	%	% samt.
45 (15)	3283	ekki ao	0,37	53,45	45 (--)	152	sjá so	0,27	45,76
46 (41)	3267	eftir fs	0,36	53,82	46 (64)	144	margur lo	0,26	46,02
47 (--)	3148	hinn fn/gr	0,35	54,18	47 (49)	141	hver fn	0,25	46,27
48 (--)	3123	vel ao	0,35	54,53	48 (34)	138	taka so	0,25	46,52
49 (47)	3017	hver fn	0,34	54,87	49 (--)	135	úr ao	0,24	46,76
50 (61)	2938	upp ao	0,33	55,20	50 (--)	134	ár hk	0,24	47,00
51 (--)	2857	síðan ao	0,32	55,53	51 (19)	131	nú ao	0,24	47,24
52 (--)	2789	láta so	0,31	55,84	52 (--)	120	hér ao	0,22	47,46
53 (31)	2782	annar fn	0,31	56,16	53 (--)	117	enginn fn	0,21	47,67
54 (34)	2660	eiga so	0,30	56,46	54 (--)	117	fá so	0,21	47,88
55 (--)	2659	heita so	0,30	56,76	55 (--)	113	Ísland hk	0,20	48,08
56 (--)	2652	búa so	0,29	57,06	56 (--)	111	einhver fn	0,20	48,28
57 (64)	2582	einn to	0,29	57,35	57 (--)	111	grein kv	0,20	48,48
58 (70)	2562	ef st	0,28	57,64	58 (--)	109	kona kv	0,20	48,68
59 (--)	2429	ríða so	0,27	57,91	59 (--)	109	telja so	0,20	48,88
60 (--)	2215	konungur kk	0,25	58,16	60 (--)	108	nokkur fn	0,19	49,07
61 (--)	2201	skulu so	0,24	58,41	61 (50)	106	eins ao	0,19	49,26
62 (--)	2176	svara so	0,24	58,66	62 (--)	106	upp ao	0,19	49,45
63 (--)	2148	þó ao/st	0,24	58,90	63 (--)	105	út ao	0,19	49,64
64 (46)	2109	margur lo	0,23	59,14	64 (57)	104	einn to	0,19	49,83
65 (--)	2096	skip hk	0,23	59,38	65 (--)	102	fram ao	0,18	50,01
66 (--)	2055	spyrja so	0,23	59,61	66 (--)	102	hraun hk	0,18	50,19
67 (--)	2048	góður lo	0,23	59,84	67 (--)	101	land hk	0,18	50,37
68 (--)	2041	minn fn	0,23	60,07	68 (--)	98	lög hk ft	0,17	50,54
69 (--)	1975	heim ao	0,22	60,29	69 (--)	97	mega so	0,17	50,71
70 (--)	1965	biðja so	0,22	60,52	70 (58)	96	ef st	0,17	50,88

Í töflunni á þessari opnu eru sýnd algengustu orð *Íslendinga sagna* og algengustu orð nútímamáls skv. tíðnikönnun Orðabókar Háskólans, sem birtist í *Orði og tungu* 1988. Sviगतölurnar í fremsta dálki *Íslendinga sagna* sýna röð viðkomandi orðs í nútímamáli, en sviगतölurnar í fremsta dálki nútímamáls sýna röð orðsins í *Íslendinga sögum*.



Á þessu süluriti má sjá fjölda lesmálsorða og fjölda mismunandi orða í rúmlega 30 Íslendinga sögum. Stystu sögurnar eru innan við 10.000 orð (um 20 síður í útgáfu Svarts á hvítu) en sú lengsta, Brennu-Njáls saga, tæp 100.000 orð (um 220 síður í útgáfunni). Munurinn á orðaforða sagnanna er hins vegar margfalt minni; þær orðfastu sem hér eru sýndar nota um þúsund orð, en þær orðflestu rúm þrjú þúsund.